

Fimmtudagur, 1. apríl 2004

217. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 6/2004

**Erindi Samtaka verslunar og þjónustu og Samtaka verslunarinnar  
vegna breytinga Kreditkorts hf. á gjaldskrá fyrirtækisins**

**I.**

**Málavextir**

**1.**

**Erindi Samtaka verslunar og þjónustu**

Með bréfi, dags. 26. mars 2003, barst Samkeppnisstofnun erindi frá Samtökum verslunar og þjónustu (hér eftir SVÞ). Í bréfi SVÞ er óskað eftir því að samkeppnisyfirvöld taki til skoðunar uppsagnir Kreditkorts hf. á samningum um móttöku greiðslukorta (hér eftir samningar um færsluhirðingu). Með erindi SVÞ fylgdi afrit af uppsagnarbréfi Kreditkorts til ónafngreinds söluaðila, þ.e. aðila sem samið hefur við Kreditkort um að taka við greiðslu fyrir vöru eða þjónustu með greiðslukorti frá Kreditkorti. Í bréfinu er samningi um færsluhirðingu við söluaðilann sagt upp í heild sinni, m.a. með vísan til þess að hann hafi flutt viðskipti um hirðingu kreditkortafærslna til annars fyrirtækis. Í bréfinu er tekið fram að einungis sé sagt upp verðlagsákvæðum debetkortaviðskipta en ekki öllum ákvæðum um kreditkortaviðskipti. Vegna víðtækrar notkunar greiðslukorta hér á landi telur SVÞ að vart sé mögulegt að starfrækja fyrirtæki sem selja vörur og þjónustu án samninga um færsluhirðingu allra helstu greiðslukorta. Árið 1994 hafi verið samið við samtök í atvinnulífinu um að taka debetkort í notkun og söluaðilum verið veittur afsláttur af kreditkortabókunum ef þeir tækju einnig við debetkortum. Þessum samningum við samtök atvinnulífsins hafi ekki verið sagt upp.

SVÞ telja því uppsögn Kreditkorts á samningum um færsluhirðingu óeðlilega. Í því tilliti er sérstaklega vísað til aðstæðna, samkeppnislaga og nýrrar samkeppni á íslenskan greiðslumiðlunarmarkað. Kreditkort hljóti því að þurfa að sýna fram á að kostnaður við debetkortafærslur aukist við það að söluaðili hætti að senda kreditkortafærslur til fyrirtækisins, en sendi þær til annars færsluhirðis.

## 2.

### **Erindi Samtaka verslunarinnar**

Með bréfi, dags. 27. mars 2003, barst Samkeppnisstofnun erindi frá Samtökum verslunarinnar (hér eftir SV). Í bréfi SV er þess óskað að samkeppnisyfirvöld taki til skoðunar uppsagnir Kreditkorts á samningum um færsluhirðingu. Erindið lýtur að sömu atriðum og erindi SVP. Jafnframt er bent á að fyrirtæki, Kortþjónustan ehf., bjóði nú færsluhirðingu hér á landi. Nokkur fyrirtæki hafi notfært sér þessa nýju þjónustu samhliða þeirri sem Kreditkort og Greiðslumiðlun hf. hafi boðið. Vegna þessa hafi Kreditkort nú sagt upp samningum við þau fyrirtæki sem nýti sér þessa þjónustu. Með bréfi SV fylgdi einnig afrit af uppsagnarbréfi Kreditkorts til ónafngreinds söluaðila.

Erindi SVP og SV var sent Kreditkorti til umsagnar með bréfi, dags. 7. apríl 2003.

## II.

### **Málsmeðferð**

#### 1.

Fulltrúar Kreditkorts hittu starfsmenn Samkeppnisstofnunar á fundi þann 23. apríl 2003. Á fundinum voru málavextir og ástæður uppsagna á samningum um færsluhirðingu reifaðar og samþykkt að Kreditkort legði fram tillögu að lausn málsins.

Með tölvupósti, dags. 25. apríl 2003, frá Bjarna Þór Óskarssyni hrl., f.h. Kreditkorts barst Samkeppnisstofnun tillaga fyrirtækisins. Samkvæmt henni yrði gildistöku uppsagnarbréfanna frestað fram til 1. júní. Fram að þeim tíma yrði unnið að leiðréttingu á gjaldskrár Kreditkorts. Sú leiðrétting ætti að fara þannig fram að þóknun vegna færsluhirðingar á debetkortum yrði hækkuð en þóknun vegna færsluhirðingar kreditkorta yrði lækkuð. Þessar breytingar hefðu það í för með sér að þóknunin fyrir hvorn þjónustulið endurspeglaði hvar kostnaður vegna þjónustunnar fellur til.

Tölvupóstur Kreditkorts var sendur SVP og SV og óskað athugasemda.

#### 2.

Athugasemdir SVP bárust með tölvupósti, dags. 25. apríl 2003. Í athugasemdunum kemur fram að samtökin séu ekki mótfallin þeim úrbótum sem lagðar eru til í tölvupósti Kreditkorts. Við mat á slíkum aðgerðum verði hins vegar að taka tillit til þess að um sé að ræða einkasölufyrirtæki með nauðsynlega þjónustu sem söluaðilar geti illa verið án. SVP telji því ennþá nauðsynlegt að samkeppnisyfirvöld úrskurði um það hvort aðgerðir Kreditkorts hafi brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga. Engar athugasemdir bárust frá SV á þessu stigi málsins.

### 3.

Með tölvupósti, dags. 5. maí 2003, var Samkeppnisstofnun sent afrit af bréfi Kreditkorts til söluaðila. Í bréfinu er tilkynnt um frestun á gildistöku uppsagnar til 1. júní 2003.

Umsögn Kreditkorts um erindi SVP og SV barst Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 12. maí s.á. Í bréfinu er lýst þeirri ætlun Kreditkorts að bjóða söluaðilum áfram færsluhirðingu vegna greiðslna með debet- eða kreditkortum. Hins vegar geta viðskiptavinir nú valið milli þess að vera eingöngu með debetkortafærslur eða bæði debet- og kreditkortafærslur hjá fyrirtækinu. Ætlunin sé að viðskiptavinir séu a.m.k. jafn vel settir og áður eftir þessa breytingu. Breyting gjaldskrár fela í sér lækkun kreditkortabóknunar gegn hækkun debetkortabóknunar og þar með leiðréttingu á þeirri skekkju sem hafi verið til staðar. Viðskiptavinir geti því valið um að hafa bæði debet- og kreditkortaviðskipti við fyrirtækið eða annað hvort. Þar sem gera þurfi hverjum söluaðila tilboð megi gera ráð fyrir því að breytingar Kreditkorts taki nokkurn tíma. Kreditkort hafi byrjað á því að bjóða smærri söluaðilum, m.v. veltu hjá fyrirtækinu, hin nýju kjör.

Umsögn Kreditkorts var send SVP og SV, með bréfi dags. 14. maí 2003, og óskað eftir athugasemdum.

### 4.

Athugasemdir SVP bárust Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 30. maí 2003. Þar er m.a. rakin saga þess að debetkort voru tekin í notkun á Íslandi og þess samnings sem greiðslukortafyrirtækin gerðu m.a. við SVP þar að lútandi árið 1994. Fyrir það hagræði sem söluaðilar höfðu af því að taka við greiðslum með debetkortum hafi þeir greitt með því að samþykka þóknun vegna kostnaðar sem áður hafi algjörlega lent á bönkum og sparisjóðum. Jafnframt hafi verið veittur afsláttur af kreditkortabóknun. Að mati SVP feli aðgerðir Kreditkorts nú í sér atlögu að þeim söluaðilum sem kosið hafi að snúa sér til danska fyrirtækisins Pengeinstitutternes BetalingsSystemer A/S (hér eftir PBS) um færsluhirðingu. Einkum sé hér um smærri söluaðila að ræða. Jafnframt sé um að ræða sértækar aðgerðir Kreditkorts eingöngu gegn þessum viðskiptavinum. SVP bendir einnig á að Kreditkort sé einkasölufyrirtæki þar sem ekki sé unnt að leita til annars fyrirtækis um hirðingu á Maestro debetkortafærslum hér á landi. Á heildarmarkaði fyrir færsluhirðingu hafi fyrirtækið um 30% hlutdeild. Af þessari ástæðu feli það í sér skerðingu á samkeppnisstöðu fyrirtækja, sem kjósa að skipta við PBS um færsluhirðingu kreditkorta frá Kreditkorti, að hækka einungis þóknun á debetkortafærslum þeirra varðandi Maestro debetkort. Í athugasemdum SVP er einnig spurt hvaða skekkjur sé um að ræða og hvers vegna þær hafi ekki verið leiðréttar fyrir. Jafnframt er spurt hvers vegna sé ekki fyrst leiðrétt hjá þeim söluaðilum sem taka einungis við debetkortafærslum. Miðað við þær forsendur sem

Kreditkort gefi sér í umsögn sinni þá komi þóknun fyrir kreditkortafærslur<sup>1</sup> til með að lækka úr 2,5% í 1,48% (um 41% lækkun) en þóknun vegna debetkorta hafi hækkað úr 0,8% í 1,48% (um 85% hækkun). Að mati SVP verði Kreditkort að sýna fram á kostnaðaraukningu þegar kreditkortafærslur eru fluttar til annars færsluhirðis. Staðreyndin sé sú að greitt sé sérstaklega fyrir samning um debetkortafærslur og breytingar á honum. Eins beri söluaðili allan kostnað við sendingu færslna til Fjölgreiðslumiðlunar (hér eftir FGM) sem sendi þær til Reiknistofu bankanna<sup>2</sup> og hann leigi allan búnað til að skrá færslurnar. Jafnframt greiði korthafar fyrir hverja debetkortafærslu. SVP eigi í ljósi þessa erfitt með að sjá hver kostnaðaraukningin sé. SVP telur að samkeppnisyrvöldum beri að rannsaka mál þetta vandlega og kanna til hlítar kostnaðargrunn þeirrar hækkunar sem um ræðir. Einnig þurfi að skoða samningsskilmála Kreditkorts almennt m.t.t. þess hvort þeir stangist á við samkeppnislög.

Athugasemdir SV bárust Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 10. júní 2003. SV telur nauðsynlegt að fram komi á hvaða hátt gjöld verði reiknuð út við fyrirhugaðar breytingar. Einnig verði að kanna hvernig breytingarnar séu til komnar, í hvaða tilgangi og sjá verði til þess að þær útiloki ekki samkeppni á umræddum markaði. Einnig verði að kanna af hverju breytingin sé tengd bæði kreditkortum og debetkortum þar sem um sé að ræða atriði sem í eðli sínu séu ólík.

Athugasemdir SVP og SV voru sendar Kreditkorti með bréfi, dags. 10. júní 2003, og óskað eftir athugasemdum.

## 5.

Athugasemdir Kreditkorts bárust Samkeppnisstofnun með bréfi dags. 7. júlí 2003. Í bréfi sínu bendir fyrirtækið á að það leitist við að draga úr skekkjum í verðlagningu á þjónustu sinni. Kreditkort telur því skjóta skökku við að hagsmunasamtök andæfi þeirri viðleitni sem fyrirtækið sýni til þess að leiðrétta þær skekkjur. Svarið við þeirri spurningu SVP af hverju skekkjurnar hafi ekki komið fram fyrr sé að samkeppni hafi ekki komið fram fyrr. Kreditkort bendir jafnframt á að sex erlendir aðilar sinni færsluhirðingu MasterCard korta. Kreditkort sé því eitt af sjö fyrirtækjum sem geri slíkt. Ekkert sé því til fyrirstöðu, hvorki tæknilega né lagalega, að þessir keppinautar veiti einnig debetkortafærslum viðtöku.

Í bréfi sínu viku Kreditkort næst að samningi greiðslukortafyrirtækjanna við hagsmunasamtök söluaðila árið 1994. Bendir fyrirtækið á að eintak af þessum samningi hafi hvorki fundist hjá SVP, SV né Kreditkorti. Einungis hafi fundist gamlar gjaldskrár og minnisblað frá Greiðslumiðlun. Kreditkort mótmælir því ekki að slíkt

---

<sup>1</sup> Reiknað sem hlutfall að kortaveltu.

<sup>2</sup> SVP bendir sérstaklega á að færslurnar fari aldrei til Kreditkorta.

samkomulag hafi verið gert, enda mörg atriði þess komið til framkvæmda. Fyrirtækið telur sig þó ekki bundið af því nú, níu árum síðar, þegar gera eigi breytingar. Hið gamla samkomulag stuðli einungis að sökkjum og sé samkeppnishindrandi í sjálfu sér. Á þeim tíma er samkomulagið hafi verið gert hafi Kreditkort eitt fyrirtækja annast færsluhirðingu vegna Eurocard, MarsterCard og Maestro korta á Íslandi. Á þeim tíma hafi því verið álitid ónauðsynlegt að taka sérstaklega fram að viðskipti seljanda væru metin í heild sinni, eða að skýra sérstaklega frá því að debetkortabókun væri niðurgreidd með kreditkortabókun. Ljóst sé því að samkeppnin kalli á breytingar.

Kreditkort mótmælir þeirri staðhæfingu SVP að aðgerðir fyrirtækisins feli í sér atögu að söluaðilum. Aðgerðir Kreditkorts feli í sér breytingar á fyrirkomulagi færsluhirðingar sem gefi söluaðilum möguleika á að velja hvort þeir þiggi alla þjónustu fyrirtækisins, þ.e. færsluhirðingu vegna debet- og kreditkortanotkunar, eða hluta hennar. Kreditkort telur þannig óeðlilegt að láta þá sem halda tryggð við fyrirtækið niðurgreiða debetkortafærslur þeirra sem ákveðið hafa að flytja kreditkortaviðskipti sín annað.

Kreditkort bendir sérstaklega á að þótt Reiknistofa bankanna sjái um tölvuvinnslu fyrir debetkortafærslur komi fullt endurgjald fyrir þá þjónustu. Jafnframt verði að hafa í huga að á móti hækkun þjónustugjalda fyrir debetkortafærslur komi 50% lækkun þjónustugjalda fyrir kreditkortafærslur. Breytingar Kreditkorts eigi því ekki að leiða til hækkunar á verði vöru og þjónustu til neytenda.

## 6.

Með bréfi, dags. 18. ágúst 2003, var óskað eftir frekari upplýsingum frá Kreditkorti. M.a. var óskað eftir kostnaðargreiningu vegna færsluhirðingar og upplýsingum um kjör viðskiptavina félagsins.

Umbeðnar upplýsingar bárust með bréfi, dags. 4. september frá Kreditkorti. Eru þar raktar breytingar Kreditkorts á ítarlegan hátt, auk þess sem kostnaðarmyndun félagsins vegna debet- og kreditkortaviðskipta er lýst.

## 7.

Samkeppnisstofnun barst bréf frá SVP, dags. 5. desember 2003, þar sem bent var á að hagstæðari kjör, s.k. silfur- og gullkjör, stæðu þeim viðskiptavinum Kreditkorts til boða sem nýttu sér færsluhirðingu fyrirtækisins fyrir bæði debet- og kreditkort. Jafnframt var bent á að aðrar reglur í skilmálum greiðslukortafyrirtækjanna almennt færu hugsanlega gegn samkeppnislögum.

Með bréfum, dags. 9. og 25. mars 2004, tilkynnti Samkeppnisstofnun að stofnunin teldi að í bréfi SVP, dags. 5. desember 2003, fælust ný erindi. Var einkum vísað til

Þess að háttsemi sú sem lýst var í bréfi SVÞ hefði ekki verið hluti af upprunalegu erindi samtakanna.

## 8.

Fulltrúar Samkeppnisstofnunar funduðu einnig með fulltrúum Kreditkorts þann 9. mars 2004. Á fundinum lýstu fulltrúar Kreditkorts því yfir að fyrirtækið hafi fallið frá því að beina hækkunum debetkortagjalda fyrst til þeirra viðskiptavina sem flutt höfðu Kreditkortaviðskipti sín til annarra færsluhirða og myndu áðurnefndar breytingar á gjaldskrá fyrirtækisins ná jafnt til viðskiptavina fyrirtækisins.

## III.

### Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 1. apríl 2004, var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Kirstín Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

## 1.

### Sjónarmið aðila

Í máli þessu hafa SVÞ og SV gert athugasemdir við breytingar á gjaldskrá Kreditkorts sem fyrirhugaðar voru þegar athugasemdirnar voru gerðar. Félögin telja að samkeppnisfyrirvöldum beri að skoða þær gaumgæfilega og tryggja að breytingarnar hafi ekki í för með sér hækkun á verði vöru og þjónustu til neytenda. Jafnframt verði að tryggja að þær takmarki ekki samkeppni eða hindri innkomu nýrra aðila á markað fyrir færsluhirðingu hér á landi.

Kreditkort telur að athugasemdir SVÞ og SV séu á misskilningi byggðar. Breytingarnar feli vissulega í sér viðbrögð við samkeppni en einungis sé um að ræða leiðréttingar á skekkjum í gjaldskrá fyrir færsluhirðingu debet- og kreditkortafærslna. Staðan sé nú sú að þjónustugjöld fyrir hirðingu kreditkortafærslna niðurgreiði kostnað af debetkortafærslum. Tilgangur breytinganna sé því að hækka þjónustugjöld fyrir debetkortafærslur en á móti komi lækkun þjónustugjalda fyrir kreditkortafærslur.

## 2.

### Markaðurinn

Í máli þessu verður að skilgreina viðkomandi markað. Í 4. gr. samkeppnislaga er markaður skilgreindur á eftirfarandi hátt:

*„Markaður er sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdar þjónustu. Staðgengdarvara og staðgengdarþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar.“*

Hagfræðileg rök leiða því til þess að skoða verður viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðnum og hins vegar landfræðilega markaðnum.

## **2.1. Þjónustumarkaðurinn**

Aðilar máls hafa ekki lagt fram markaðsskilgreiningu í máli þessu og er það galli á erindum þeirra. Ljóst er þó af umfjöllun þeirra að um er að ræða markaðinn fyrir hirðingu á debet- og kreditkortafærslum. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 18/2003 *Erindi Kortþjónustunnar ehf. vegna þeirrar háttsemi Greiðslumiðlunar hf. að viðhalda gengismun* var fjallað um sama markað. Í ákvörðuninni var markaðurinn skilgreindur á eftirfarandi hátt:

*„Færsluhirðing [felst] í þeirri þjónustu við söluaðila að veita þeim heimildarþjónustu fyrir að taka við greiðslum með greiðslukortum, taka við færslum þeirra og greiða þeim út þegar korthafar greiða reikninga sína.“*

Af gögnum málsins má ráða að hugsanlegt sé að markaðurinn fyrir færsluhirðingu skiptist í tiltekna undirmarkaði. Um væri þá að ræða markaði fyrir færsluhirðingu einstakra tegunda greiðslukorta. Þetta helgast m.a. af því að unnt er að færa rök fyrir því að hvorki sé fullkomin eftirspurnar- né framboðsstaðganga milli þessara tegunda korta. Samkeppnisráð telur þó ekki þörf á að meta slíkt í máli þessu. Samkeppnisráð telur því að markaðurinn sé almenn þjónusta fyrir hirðingu debet- og kreditkortafærslna.

## **2.2. Landfræðilegi markaðurinn**

Í áðurnefndri ákvörðun samkeppnisráðs nr. 18/2003 var landfræðilegi markaðurinn skilgreindur á eftirfarandi hátt:

*„Markaðurinn fyrir færsluhirðingu er svæðisbundinn að því leyti að söluaðilar, sem óska þess að geta tekið við greiðslukortum, þurfa þjónustuna þar sem þeir eru staddir. Þannig þarf færsluhirðir að veita þjónustu sína á því svæði sem söluaðilinn er staðsettur til þess að veita honum þjónustu. [...]*

*Samkeppnisráð þekkir einungis fá dæmi þess að íslensk fyrirtæki hafi leitað til annarra fyrirtækja en Greiðslumiðlunar og Kreditkorts um færsluhirðingu. Í sögulegu ljósi eru þessi fyrirtæki því einu fyrirtækin sem sinnt hafa færsluhirðingu hér á landi.*

*Samkeppnisráð telur ljóst af málavöxtum og eðli þess þjónustumarkaðar sem hér um ræðir að landfræðilegi markaðurinn í máli þessu sé Ísland.“*

Samkeppnisráð telur að ekkert hafi komið fram í þessu máli sem breytir þessu og leggur því sömu skilgreiningu á landfræðilega markaðnum til grundvallar.

### **2.3. Staða fyrirtækja á markaðnum**

Hvorki SVP né SV hafa vísað til þeirra ákvæða samkeppnislaga sem meint brot Kreditkorts beinist gegn og er það galli á erindum þeirra. Af umfjöllun þeirra má þó ráða að um meint brot Kreditkorts gegn 11. gr. samkeppnislaga sé að ræða, þ.e. misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga hefur fyrirtæki markaðsráðandi stöðu:

*„[...] þegar [það] hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.“*

Þegar meta á hvort fyrirtæki er markaðsráðandi í skilningi 11. gr. samkeppnislaga er almennt litið til hlutdeildar þess á markaði. Jafnframt er litið til annarra þátta, s.s. fjárhagslegs styrks, viðskiptavildar og fleiri atriða. Eins og fram hefur komið eru það Greiðslumiðlun, Kreditkort og Kortþjónustan/PBS sem stunda virka markaðssetningu á færsluhirðingarþjónustu hér á landi.

Þegar bornar eru saman upplýsingar um heildar rekstrartekjur Greiðslumiðlunar og Kreditkorts á síðustu árum kemur í ljós að hlutdeild Greiðslumiðlunar á heildarmarkaði fyrir færsluhirðingu er um 80%, þegar litið er til síðustu ára. Kreditkort er með um 20% hlutdeild á sama tímabili en hlutur PBS er minni en 0,5%. Hlutföllin haldast næstum því þau sömu þegar einnig er reiknað með færslum annarra erlendra aðila sem einnig stunda færsluhirðingu hér á landi,<sup>3</sup> en samtals er hlutfall þeirra af heildar færsluhirðingu hér á landi á sama tímabili minna en 0,5%. Niðurstaðan verður svipuð þegar heildarmarkaði fyrir færsluhirðingu er skipt upp í markað fyrir hirðingu á debetkorta- og kreditkortafærslum. Hlutdeild Kreditkorts er þannig um 25% á markaði fyrir debetkortafærslur en Greiðslumiðlun er með um 75%. Á markaði fyrir kreditkortafærslur hefur Kreditkort hins vegar 18% hlutdeild en Greiðslumiðlun 82%.

Þegar ofangreind markaðshlutdeild fyrirtækjanna er metin er jafnframt nauðsynlegt að líta til þróunar þess markaðar sem um ræðir, þ.m.t. hvort nýir keppinautar hafi komið

---

<sup>3</sup> Um er að ræða sjö aðila sem að einhverju leyti hafa stundað færsluhirðingu hér á landi, m.a. Allied Irish Bank, Citibank, Natwest og National Westminster Bank.



inn á markaðinn eða hvort markaðshlutdeild fyrirtækja hafi tekið breytingum. Samkeppnisráð telur mikilvægt í þessu tilliti að greiðslukortafyrirtækin Greiðslumiðlun og Kreditkort hafa starfað hér á landi í yfir 20 ár. Á þessum tíma hafa þau starfað ein á hinum íslenska markaði. Þetta þýðir jafnframt að fyrirtækjunum hefur tekist að byggja upp mikla viðskiptavild á þessum langa tíma. Þegar markaðshlutdeild fyrirtækjanna er metin verður líka að líta til fjárhagslegs styrkleika þeirra og eigenda þeirra en Greiðslumiðlun og Kreditkort eru bæði í eigu allra helstu fjármálastofnana hér á landi.

Í máli þessu hefur SVP haldið því fram að Kreditkort bjóði eitt fyrirtækja færsluhirðingu fyrir Maestro debetkort hér á landi. Kreditkort segir hins vegar að ekkert sé því til fyrirstöðu að önnur fyrirtæki annist færsluhirðingu Maestro debetkorta hér á landi. Samkvæmt gögnum sem Samkeppnisstofnun hefur aflað frá Kreditkort, m.a. samninga fyrirtækisins við MasterCard International, kemur ekkert fram sem bendir til þess að Kreditkort njóti einhverskonar einkaréttar á móttöku Maestro debetkortafærslna.

Þegar horft er til markaðshlutdeildar fyrirtækjanna er það mat samkeppnisráðs að Kreditkort sé almennt ekki ráðandi, í skilningi 11. gr. samkeppnislaga, á heildarmarkaði fyrir færsluhirðingu. Með vísan til þess sem fram hefur komið telur Samkeppnisráð þó nauðsynlegt að benda á að Greiðslumiðlun og Kreditkort geti, vegna þeirra tengsla sem til staðar eru milli fyrirtækjanna, hugsanlega verið skilgreind sem sameiginlega markaðsráðandi á heildarmarkaði fyrir færsluhirðingu. Því til stuðnings er m.a. unnt benda á sterk tengsl fyrirtækjanna vegna sameiginlegs eignarhalds, sterka stöðu þeirra á markaði og einsleita þjónustu. Að mati samkeppnisráðs fara aðgerðir Kreditkorts ekki sem slíkar gegn ákvæðum samkeppnislaga, sbr. umfjöllun hér á eftir. Í ljósi þess er ekki nauðsynlegt í þessu máli að taka afstöðu til þess hvort Kreditkort og Greiðslumiðlun teljist vera í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu.

### 3.

#### **Gjaldskrá Kreditkorts**

Rannsókn máls þessa hefur beinst að því að meta hvort áðurnefndar breytingar á gjaldskrá Kreditkorts geti falið í sér misnotkun á meintri ráðandi stöðu fyrirtækisins. Varðandi gjaldskrárbreytingar Kreditkorts er að mati samkeppnisráðs nauðsynlegt að skoða tvennt. Í fyrsta lagi verður að kanna hvort breytingarnar sem slíkar feli í sér takmörkun á samkeppni eða komi til með að skekkja hana óeðlilega. Í öðru lagi verður að skoða aðferðir Kreditkorts við breytingarnar, þ.e. hvort aðgerðirnar teljist sértækar og til þess fallnar að mismuna viðskiptavinum fyrirtækisins eftir því hvort þeir séu bæði í viðskiptum varðandi hirðingu debet- og kreditkortafærslna eða eingöngu debetkortafærslna.

### 3.1. Breytingar á gjaldskrá Kreditkorts

Breytingar þær á gjaldskrá Kreditkorts sem erindi SVP og SV beinist gegn í máli þessu eru í grundvallaratriðum þær að fyrirtækið hefur lækkað þjónustugjöld fyrir kreditortafærslur en hækka gjöld fyrir debetortafærslur. Upphaf þessara breytinga má rekja til þess að þegar unnið var að því að taka í notkun debetkort hér á landi árið 1994 sömdu greiðslukortafyrirtækin og ýmis samtök í viðskiptalífínu um þjónustugjöld vegna debet- og kreditkortaviðskipta. Þessir samningar stilltu þjónustugjöldum upp á þann hátt að greiðslukortafyrirtækin greiddu söluaðilum fyrir að taka bæði við debet- og kreditkortum með því að niðurgreiða debetortafærslur en almennt hefur reglan verið sú að söluaðilar taki bæði við debet- og kreditkortum frá Greiðslumiðlun (Visa) og Kreditkortu (MasterCard). Með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 24/1994 *Undanþágubeiðni RÁS-nefndar og Kaupmannasamtaka Íslands vegna samkomulags um kostnað greiðsluviðtakenda af debetortaviðskiptum* var veitt tímabundin undanþága fyrir samkomulaginu á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Samkvæmt upplýsingum frá Kreditkortu er kostnaður fyrirtækisins af hirðingu debetortafærslna [...] m.kr. en hreinar tekjur einungis [...] m.kr.<sup>4</sup> Ef hlutur debetorta í hagnaði ætti að vera sá sami og í kostnaði fyrirtækisins almennt, þ.e. [...], vanti um [...] m.kr. upp á þessar tekjur eða um [...]%.<sup>5</sup> Þessi halli sé nú niðurgreiddur af kreditortastarfsemi fyrirtækisins.

Þessi skekkja hefur að sögn Kreditkorts ekki haft áhrif fyrr en nú þar sem söluaðilar hafi ávallt verið í viðskiptum við bæði fyrirtækin um hirðingu á öllum færslum. Segja má að þjónusta sú sem felst í hirðingu debet- og kreditortafærslna hafi því almennt verið seld í einu lagi. Það var því ekki fyrr en samkeppni hófst á einum markaða fyrir færsluhirðingu, þ.e. hirðingu kreditortafærslna með tilkomu Kortþjónustunnar, að skekkjan varð fyrirtækjunum samkeppnislegt vandamál. Kortþjónustan býður söluaðilum einungis hirðingu á MasterCard og Visa kreditortafærslum. Hefur fyrirtækið m.a. notið þess að gjöld Greiðslumiðlunar og Kreditkorts vegna þessara færslna hafa verið nokkru hærri en nauðsyn ber til þar sem tekjur vegna kreditortafærslna hafa niðurgreitt kostnað vegna debetortafærslna. Jafnframt bauð fyrirtækið söluaðilum nýja þjónustu, m.a. hraðari uppgjör á færslum.

Breyting á gjaldskrá Kreditkorts felur því í sér að gjöld vegna debetortafærslna hafa hækkað en kreditortagjöld hafa lækkað. Að mati samkeppnisráðs verður að skoða háttsemi Kreditkorts með hliðsjón af því að fyrirtækjum er almennt séð heimilt að

---

<sup>4</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>5</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

bregðast við aðstæðum á markaði, hvort sem þau eru markaðsráðandi eða ekki, svo fremi sem þær aðgerðir séu málefnalegar og ekki til þess fallnar að raska samkeppni.<sup>6</sup>

Samkeppnisráð telur að aðgerðir Kreditkorts feli augljóslega í sér viðbrögð við samkeppni Kortþjónustunnar. Enn fremur er ljóst að breytingar Kreditkorts fela í sér viðbrögð við þeirri staðreynd að ýmsir söluaðilar eru einungis í debetkortaviðskiptum við fyrirtækið. Af því sem að framan er rakið er ljóst að Kreditkort niðurgreiðir viðskipti þessara söluaðila án þess að fá tilsvarende tekjur á móti vegna kreditkortaviðskipta. Samkeppnisráð gerir ekki athugasemdir við að fyrirtækið bregðist við þessum breytingum á markaði og hætti niðurgreiðslu debetkortafærslna. Af gögnum Kreditkorts er ljóst að hækkun gjalda vegna debetkortafærslna og lækkun kreditkortagjalda gerir það að verkum að fyrirtækið getur boðið hvora tegund þjónustu fyrir sig eða saman á kostnaðarforsendum.

Í ljósi þess sem fram hefur komið hér að ofan er það því mat samkeppnisráðs að áðurnefndar breytingar á gjaldskrá Kreditkorts geti ekki sem slíkar farið gegn ákvæðum samkeppnislaga.

### **3.2. Aðferð Kreditkorts við breytinguna**

SVP og SV hafa gert þær athugasemdir við breytingar Kreditkorts á gjaldskrá fyrirtækisins að þær virðist miðast eingöngu við þá söluaðila sem flutt hafa hluta viðskipta sinna, þ.e. færsluhirðingu kreditkortaviðskipta, til annars fyrirtækis, Kortþjónustunnar. Aðgerðirnar séu því sértækar og miðist að því að Kreditkort nái aftur þeim viðskiptavinum sem flust hafi til hins nýja keppinautar. Kreditkort segir aðgerðirnar hins vegar almenns eðlis. Breytingar á gjaldskrá fyrirtækisins nái bæði til þeirra sem hafi öll viðskipti sín hjá Kreditkort og þeirra sem hafa hluta viðskipta sinna hjá fyrirtækinu. Kreditkort telur þó eðlilegt að meðal þeirra sem breytingarnar verði gerðar fyrst hjá séu þeir söluaðilar sem flutt hafi kreditkortaviðskipti sín annað. Ástæða þessa sé sú að eftir að söluaðili hefur flutt kreditkortaviðskipti sín til annars færsluhirðis greiði Kreditkort niður eftirstandandi debetkortaviðskipti söluaðilans.

Eins og fram hefur komið telur samkeppnisráð að umræddar breytingar á gjaldskrá Kreditkorts brjóta sem slíkar ekki gegn samkeppnislögum. Í gögnum málsins hefur komið fram af hálfu Kreditkorts að fyrirtækið hafi fyrst hækkað debetkortagjöld þeirra viðskiptavina sem flutt hafa kreditkortaviðskipti sín annað. Á fundi með Samkeppnisstofnun þann 9. mars 2004 hafa fulltrúar fyrirtækisins lýst því yfir að gjaldskrá Kreditkorts gangi jafnt yfir viðskiptavinum fyrirtækisins. Samkeppnisráð leggur þannig áherslu á að aðgerðir Kreditkorts fela í sér almenna leiðréttingu á

---

<sup>6</sup> Í ákvörðunum samkeppnisráðs nr. 15/2001 og nr. 16/2001 í sk. *frínetsmálum* var þetta orðað á eftirfarandi hátt: „Hafa verður þó í huga að ákvæðum samkeppnislaga sem beint er gegn misnotkun markaðsráðandi fyrirtækja á stöðu sinni er ekki ætlað að fyrirbyggja að slík fyrirtæki stundi virka samkeppni og bregðist við tilboðum keppinauta sinna.“

kjörum viðskiptavina fyrirtækisins, hvort sem um er að ræða söluaðila sem eru einungis í viðskiptum varðandi debetkortafærslur eða bæði kreditkortafærslur og debetkortafærslur.

Með vísan til þess sem fram hefur komið telur Samkeppnisráð því ekki ástæðu til íhlutunar vegna þeirrar háttsemi Kreditkorts sem erindi SVP og SV lýtur að, þ.e. breytingu gjaldskrár fyrirtækisins sem almennt hækka gjöld vegna debetkortafærslna og lækka gjöld vegna kreditkortafærslna.

#### **IV.**

#### **Ákvörðunarorð**

**„Ekki er ástæða til íhlutunar í máli þessu.“**